

2004070003
6000; 9310

Norðurorka
Franz Árnason, forstjóri
Rangárvöllum
Pósthólf 90
602 Akureyri

Reykjavík, 6. ágúst 2004
/--

Efni: Endurbygging Glerárvirkjunar á Akureyri. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Norðurorku dags. 30. júní 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt endurbygging Glerárvirkjunar samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 3 a og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrabæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Akureyrarbæ með bréfi dags. 15. júlí 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 2. ágúst 2004, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. júlí og 3. ágúst 2004 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 12. júlí 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 21. júlí og 6. ágúst 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé endurbygging virkjunar við núverandi stíflu í Glerá á Akureyri. Talið sé að framkvæmdin hafi menningarlegt og sögulegt gildi bæði fyrir Akureyringa og sögu rafvæðingar á Íslandi. Fram kemur að upprunaleg virkjun hafi verið reist 1921-1922 og notuð fram til 1960 og standi grunnur stöðvarhússins ennþá. Upprunaleg stífla hafi verið endurbyggð 1986 og göngubrú byggð yfir hana síðar. Gert sé ráð fyrir að nota stífluna óbreytta en endurnýja þurfi lokubúnað og rist við inntaksþró og gera þurfi nýja botnrás. Um sé að ræða 290 kW rennslisvirkjun og fallhæð árinna sé 15 m, meðalrennsli 3 - 3,5 m³/s og lágrennsli 0,6 - 0,7 m³/s. Gert sé ráð fyrir að virkjaðir verði 2,6 m³/s úr ánni með hverfli og muni virkjunin verða tengd dreifikerfi Norðurorku í nálægri spennistöð. Ekki sé gert ráð fyrir að endurbygging virkjunar muni hafa mikil áhrif á rennsli árinna nema á um 100 m kafla neðan stíflunnar, þar sem að rennsli muni minnka lítillaga yfir vetrarmánuðina. Fram kemur að

núverandi stífla og vatnsinntak verði notað og litlar breytingar verði á vatnsyfirborði inntakslóns. Þvermál aðrennslispípu verði 1,2 m og lengd 85 m og muni pípan verða lögð í jörðu frá inntaksþró að stöðvarhúsi sem staðsett verði á sama stað og upprunalegt stöðvarhús.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að byggt verði á grunni eldra stöðvarhúss og frá stíflu að gilbrún verði aðrennslispípa lögð í skurð, sem gerður hafi verið fyrir aðrennslispípu gömlu virkjunarinnar og hún þar hulin jarðvegi þannig að upprunalegt útlit skurðstæðis náist. Ekki sé gert ráð fyrir akvegi að byggingasvæðinu heldur að byggingarefni og vélbúnaður verði hífð af gilbrúnni á húsgrunninn og sé reiknað með að plön fyrir krana verði að mestu á ræktaðri gróðurþekju á gilbrúninni meðan á framkvæmdum standi. Göngustígur verði ökufær frá vegi að gilbrúnni norðan stöðvarhússins og verði aðrar fyllingar sem ekki séu í samræmi við aðalskipulag fjarlægðar að verki loknu. Fram kemur að síðastliðin ár hafi umræddur hluti Glerárgils verið afgirtur vegna slysaþættu. Með lagningu göngustígs samhliða virkjunarframkvæmdum verði hægt að veita almenningi aukið aðgengi og gert sé ráð fyrir að fólk geti gengið framhjá stöðvarhúsinu ármegin og virt fyrir sér innviði virkjunarinnar þar sem meðal annars gefi að líta aðra af tveimur upphaflegum vatnsaflsvélum gömlu Glerárstöðvarinnar. Fram kemur að stöðvarhúsið muni einungis skyggja á lítinn hluta bergsins í norðanverðu gilinu, aðeins verði hægt að sjá til hússins á um 10 m kafla frá nærliggjandi götu en virkjunin, aðrennslispípa og ummerki um hana muni ekki sjást frá íbúðarhúsum né skólum í nágrenninu. Ennfremur kemur fram að framkvæmdaraðili telji að endurbygging Glerárvirkjunar muni hafa lítil umhverfisáhrif og verði framkvæmdum hagað þannig að lítil röskun verði á framkvæmdasvæðinu.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Akureyrarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra kemur fram að ekki sé talið líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á svæði á náttúruminjaskrá. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem um sé að ræða svæði á náttúruminjaskrá vegna jarðfræðiminja, gróðurs og söguminja og að svæðið sé verndarsvæði sé afar mikilvægt að öll umgengni miði að því að lágmarka varanlegt rask og vandað verði til frágangs. Stofnunin telji eðlilegt að framkvæmdaraðili hafi samráð við framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar á vettvangi áður en til lokafrágangs komi.

Skipulag. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í staðfestu aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 sé svæðið skilgreint sem verndarsvæði. Í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að mannvirkjagerð á verndarsvæðum sé bönnuð, að stígum og bílastæðum frátöldum og því sé uppbygging rafstöðvar í Glerárgili ekki í samræmi við staðfest aðalskipulag Akureyrar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að unnið sé að breytingu á aðalskipulagi vegna framkvæmdarinnar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbyggingu Glerárvirkjunar og framleiðslu á allt að 290 kW af raforku. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 3a og 13a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá vegna jarðfræðiminja, gróðurs og söguminja og er skilgreint sem verndarsvæði í aðalskipulagi. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að tryggt sé að rask verði sem minnst á framkvæmdatíma og að haft verði samráð við framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar áður en til lokafrágangs kemur. Það er mat Skipulagsstofnunar að framkvæmdin muni hvorki hafa verulegt rask né veruleg áhrif á jarðfræðiminjar, gróður eða söguminjar verði fylgt þeirri framkvæmdatilhögun sem framkvæmdaraðili hefur lagt til.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging Glerárvirkjunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmda- og byggingaleyfi Akureyrarbæjar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b. Skipulagsstofnun bendir á að breyta þarf núgildandi aðalskipulagi og vinna deiliskipulag fyrir virkjunina.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. september 2004.

Þóroddur F. Þóroddsson

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfissráðuneytið, Akureyrarbær, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri.